

Fundur í stjórn Myndlistaskólans í Reykjavík 9. september 2024.

Mætt: Bjarni, Logi og Edda Kristín á staðnum, auk Áslaugar og Steingerðar sem sat fundinn að hluta. Erlendur tók þátt á TEAMS. Bergþóra var erlendis og átti ekki kost á að vera með á TEAMS.

1. Nýhafið skólaár. Áslaug fór yfir stöðuna. Starfsfólk skólans telur augljóst að umræðan um skólagjöld hafi haft áhrif á umsóknir en ekki náðist að fullmanna nemendahópa í öllum deildum. Vonum samt að við náum að uppfylla samninginn en það er á verkefnalista Áslaugar að ræða málið við ráðuneytið þegar búið er að flytja skólann og skila JL húsinu. Áætlað er að flutningum ljúki 20. september og að lyklum verði í síðasta lagi skilað mánudaginn 23. september.
2. Undirbúningur fyrir aðalfund:
 - a) Stjórnarseta yfirfarin í stjórn skólans og félagi. Bjarni hefur lokið sínum sex árum en aðrir stjórnarmenn hyggjast bjóða sig fram áfram. Skv. túlkun lögmanns skólans á skipulagsskrá stofnunarinnar ber að kjósa Stjórn sem situr í þrjú ár. Það hefur ekki verið tíðkað en á síðasta fundi var rætt um að sá háttur yrði hafður á frá og með næsta fundi. Áslaug minnir Stjórn félagsins á að það hana þarf að manna á aðalfundinum, hvort sem sama fólk býðst til að halda áfram eða aðrir verða kallaðir til. Stjórn skólans stefnir að því að funda með starfsfólki skólans eftir flutninginn.
 - b) Skýrsla stjórnar hefur þegar verið yfirfarin í tölvupósti og samþykkt. Hrönn Magnúsdóttir grafískur hönnuður er að setja hana upp. Jóhann M Ólafsson endurskoðandi er sömuleiðis kominn með öll gögn varðandi ársreikninginn. Það eina sem út af stendur er að stemma af Erasmus á síðasta ári en það næst.
3. Samningar við ríki/borg eru undirritaðir, ríkið til þriggja ára en borgin til eins árs. Áslaug hefur verið í samtali við ráðuneytið um viðurkenningu skólans en hún er nýlega endurnýjuð. Viðurkenningin er háð starfsleyfi sem er aftur háð úttektum eftirlitsaðila á húsnæði. Áslaug hefur upplýst ráðuneytið um stöðuna og leyfið verður ekki afturkallað en ráðuneytið er með uppfærslu á viðurkenningunni í vinnslu. Gert er ráð fyrir að skólinn skili skýrslum eftirlitsaðila fyrir 15. október. Það snýr fyrst og fremst að vottun yfirvalda heilbrigðis- og brunamála.
4. Húsnæðismál. Steingerður lagði fram gróft yfirlit yfir kostnað sem þegar hefur verið lagt í vegna breytinga á húsnæðinu. Kostnaður er auðvitað talsverður, þegar búið að bóka u.þ.b. 50,000.000 kr vegna vinnu í húsinu og gert ráð fyrir að minnst 20 bætist við á næstu dögum. Stefnum að því að fara ekki yfir 100,000.000 kr. áætlunina.
5. Engin önnur mál voru formlega til umræðu á þessum fundi.

Fundi slitið.

Undirritunarsíða

Áslaug Thorlacius

Erlendur Hjaltason

Edda Kristín Sigurjónsdóttir

Bjarni Hinriksson

Logi Bjarnason